

Sæl aftur

Búinn að hafa samband við lögfræðinginn og hann segir. **Loforð er skuldbinding. Ekki breyta þessu orðalagi.**

Síðan heyrði ég í Axel varðandi lokun vega að vatninu og með nýja námu.

**Lokun að vatninu er efir að veiðitímabili lýkur og þá til að forðast óþarfa umferð frá t.d. ferðamönnum. Gangandi umferð heimil.**

**Ekki fyrirhuguð ný náma í landi Þórisstaða eða Þórisstaða II önnur en sú sem hefur verið til og er á aðalskipulagi neðan Þjóðveggar.**

Síðan hafði hann þetta að segja um lokun línuvegarins.

**Vegna umræðna um línuveg í landi Þórisstaða viljum við koma eftirfarandi á framfæri.**

**Megnið af veginum ofan fjallsbrúnar var gerður af Landsvirkjun í samræmi við samning við eigendur Þórisstaða á sínum tíma vegna lagningar háspennulínu á jörðinni.**

**Samkvæmt upplýsingum frá fyrrverandi formönnum STJÁ, þá var gerð sú krafa að vegurinn tengist ekki þeim vegi sem kemur ofan að heiði og endar á Sesseljuhrygg.**

**Sem sagt að vegurinn frá Þórisstöðum átti að enda við Mjóadal sem átti að tryggja að ekki yrði um gegnumakstur að ræða. En einhverra hluta vegna var ekki staðið við þetta, og illfær hjáleik gerð framhjá Mjóadal.**

**Nú hefur Landsnet tekið yfir samning sem gerður var við Landsvirkjun, og Landsnet hefur sent okkur yfirlýsingu vegna umferðar um veginn. En við höfðum óskað eftir slíkri yfirlýsingu vegna þess að við metum það þannig að við þurfum að hafa skýra heimild til að stjórna því hverjir nota þennan veg og hvenær. Bæði vegna skemmda sem orðið hafa þegar aðilar fara hann í leysingum á vorinn (<https://photos.app.goo.gl/v5r7VrpP1gm9TAky9>), og vegna mögulegs ónæðis fyrir sumarhúsasvæðið, sé vegurinn opin öllum, á öllum árstímum.**

**Sú lokun með vegatálma sem gerð var fyrir síðustu helgi, er tímabundin og snýst því miður um skort á samstarfi og/eða einhliða afnot sauðfjárbónda af landi okkar, sem sér ekki ástæðu til að verða við beiðni okkar um að fá að nota nokkra fermetra af hans landi til að liðka til um gerð þeirrar örvirkjunar sem við áformum að setja upp í okkar landi.**

**Meðfylgjandi er tilvitnuð yfirlýsing frá Landsneti.**

**Með kveðju, Axel og Sunna Rós**

Síðan vil ég biðja alla sem hafa áhuga eða vilja til að koma með ábendingar vegna fyrirhugaðs deiliskipulags fyrir svæðið okkar.

- Það gæti verið um atvinnustarfssemi á svæðinu eins og að leyfa heilsárs útleigu bústaða.
- Eða bönnum við alla atvinnustarfssemi en bústaðir geta þá leigist út miðað við 90 daga regluna.

- Stærð og fjöldi húsa.
- Hæð húsa, mænisstefna húsa o.fl.
- Litir.
- Ljós.
- Á að banna einhvern gróður eins og t.d. Lúpínu.
- Gróður skerði ekki útsýni.
- Fleira og fleira.

Endilega komið með ábendingar eða ef þið þekkið eitthvað til deiliskipulags annarra svæða.

**Bestu kveðjur,**

Stjórn félags lóðarhafa að Þórisstöðum

Jóhann Vignir Gunnarsson, [johanngunn@gmail.com](mailto:johanngunn@gmail.com) 8582062

Þór Arnar Gunnarsson

Sigurjón Skúlason